

# Ágrip

## Árangur endurlífgunar utan sjúkrahúsa á Íslandi árið 2012

Bergþór Steinn Jónsson<sup>1</sup>, Hildigunnur Svavarsdóttir<sup>2,3</sup>, Felix Valsson<sup>4</sup>, Viðar Magnússon<sup>5</sup>

*1Læknadeild HÍ, 2Bráða- fræðslu- og gæðasvið FSA 3Heilbrigðisvísindasvið HA 4Svæfinga og gjörgæsludeild LSH 5Bráðasvið LSH*

**Bakgrunnur:** Rannsóknir á árangri endurlífjana á Íslandi hafa sýnt fram á 16-21% lifun fram að útskrift af sjúkrahúsi. Þær hafa eingöngu náð til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar og einblínt á endurlífjanir vegna bráðra hjartasjúkdóma.

**Markmið:** 1. Að meta árangur endurlífgunar utan sjúkrahúsa á Íslandi á árinu 2012 með tilliti til helstu áhrifaþátta, s.s. hvort vitni var að hjartastoppinu, upphafs hjartataktur, viðbragðstíma sjúkrabíls, endurlífgun nærstaddra o.fl.

2. Að kanna hvort munur sé á árangrinum milli höfuðborgarsvæðisins, landsbyggðar þar sem atvinnu sjúkraflutningalið er á vakt allan sólarhringinn (þéttbýli) og landsbyggðarinnar þar sem hlutastarfandi sjúkraflutningamenn eru á bakvöktum (dreifbýli).

**Aðferðir:** Fengnar voru skýrslur sjúkraflutningamanna eða lækna úr endurlífgunum utan sjúkrahúsa á árinu 2012 frá öllum rekstraraðilum sjúkraflutninga á Íslandi. Upplýsingar um viðbragðstíma sjúkrabíls fengust hjá Neyðarlínunni og upplýsingar um útskrift af sjúkrahúsi fengust úr sjúkraskrá á Landspítala og sjúkrahúsinu á Akureyri. Við úrvinnsluna var Utstein staðlinum fylgt. Kí-kvaðrat próf og t-próf voru notuð við tölfræðilega úrvinnslu og miðað við marktæktarkröfu  $p < 0,05$ .

**Niðurstöður:** Alls var 121 endurlífgun þar sem sjúkraflutningamenn voru ekki vitni að hjartastoppi. 70 endurlífjanir fóru fram á höfuðborgarsvæðinu, þar af útskrifuðust 13 (19%). Í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins voru 21 endurlífgun þar af útskrifuðust 7 (33%). Í dreifbýli voru 30 endurlífjanir þar af útskrifuðust 2 (7%). Munurinn á milli þessara svæða náði ekki marktækni ( $p = 0,05$ ). Ef aðeins var miðað við tilfelli þar sem vitni var að hjartastoppi og sjúklingur var í stuðvænlegum takti voru 18 tilfelli á höfuðborgarsvæðinu þar af útskrifuðust 11 (61%). Í þéttbýli utan hbs voru 7 tilfelli þar af útskrifuðust 5 (71%). Í dreifbýli voru 6 tilfelli þar af útskrifuðust 2 (33%). Munurinn á milli svæða var ekki marktækur ( $p = 0,35$ ). Stuðanlegur upphafstaktur, bráða hjartavandamál sem orsök hjartastopps og vitni að hjartastoppi reyndust vera þættir sem stuðluðu að marktækt aukinni lifun að útskrift ( $p < 0,05$ ).

**Ályktanir:** Fáar rannsóknir á vesturlöndum hafa sýnt fram á betri árangur úr endurlífgunum utan sjúkrahúsa. Því benda niðurstöðurnar til þess að árangurinn á Íslandi sé góður í samanburði við önnur lönd. Mikilvægt er að bæta skráningu á endurlífgunum utan sjúkrahúsa og þörf er á rannsóknum sem ná yfir lengri tíma heldur en eitt ár.